



**Nýársávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
1. janúar 2021**

Góðan dag, góðir landsmenn,
og gleðilegt nýtt ár.

Þetta var nú meira árið, þetta ár sem nú er liðið í aldanna skaut. „Og aldrei það kemur til baka,“ syngjum við gjarnan á gamlárskvöldi. Eflaust fögnuðu mörg okkar þeirri laglínu sérstaklega í þetta sinn. Ársins verður án efa minnst fyrir veiru og veikindi, sóttvarnir og búsifjar.

Fleira var þungbært. Snemma árs féllu snjóflóð vestra, í sumar varð mannskæður bruni í Reykjavík, nú eru okkur í fersku minni skriðuföllin miklu á Seyðisfirði og er þá ekki allt talið.

Saman mættum við mótbyr. Oft gafst því ástæða til að þakka mikilsverð störf fólks í þjóðarþágu. Það gerði ég síðast á fullveldisdaginn, kvaðst þá myndu nefna farsóttina sem minnst í þessu nýársávarpi en horfa frekar fram á veg. Þó læt ég ekki hjá líða hér og nú að ítreka þakkir til heilbrigðisliðs landsins, til starfsfólks í skólum okkar, verslun og þjónustu, til lögreglu og slökkviliðs, landhelgisgæslu og björgunarsveita, til allra sem við reiðum okkur á þegar vá steðjar að.

Einnig lofa ég áfram þá samstöðu og samkennd sem almenningur sýndi – og sýnir enn. Ársins verður ekki síður minnst fyrir seiglu og þrek landsmanna, og þar gengu eldri borgarar okkar einatt á undan með góðu fordæmi. Margt megum við, hin yngri, læra af þeim sem reynt hafa sitthvað á langri ævi.

Drjúga visku getum við líka sótt í sjóð sögunnar. Í Barnaljóðum séra Vigfúsar Jónssonar frá átjándu öld má finna vísdómsorð um þrautseigju sem enn eru í góðu gildi:

Hver sem lætur sér
huginn fallast,
hann er farinn
í hverju bangi
en þolinmæðin
þrautir allar
yfirvinnur
og aldrei bilar.

Já, víst var það svo að saman þurftum við öll að þola andstreymi og víst hljóta raunir að mæta okkur á lífsins leið. Við hjónin sendum hlýjar kveðjur til þeirra sem lentu í hremmingum og glímdu við sorg á liðnu ári.

Sem betur fer vega gæfa og farsæld þó gjarnan þyngra á æviskeiði hvers og eins. Í fyrra gátu mörg okkar glaðst yfir stóru eða smáu í dagsins önn. Börn fæddust og fólk varð ástfangið, áföngum í námi eða starfi var náð, sambúð staðfest, stofnað til heimilis. Saman gátum við fagnað afrekum þeirra landa okkar sem sköruðu fram úr á alþjóðavettvangi. Ég nefni hér sem óræk dæmi tónskáldið Hildi Guðnadóttur sem hlaut Óskarsverðlaun og Söru Björk Gunnarsdóttur, í sigurliði Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu. Saman gátum við líka notið framlags alls okkar frábæra listafólks þótt það hafi vissulega verið með sérstökum brag á tímum samkomubanns og annarra takmarkana.

Og nú er nýtt ár runnið upp. Dagur er að rísa, með birtu og yl. Senn fær þjóðarskútan vind í seglin, um það er ég handviss. Bóluefnið er lent, bjargræði sem við þurfum að koma áfram hingað til lands með öllum tiltækum ráðum. Þessi lausn á ærnum vanda er öflugur vitnisburður um gildi alþjóðasamvinnu, um gildi vísinda og þekkingar þegar rétt er á málum haldið.

Nú stöndum við líka betur að vígi í glímu okkar við náttúruöflin en fyrr á tíð. Það segir sína sögu að allmörg undanfarin ár hefur enginn sjómaður druknað við Íslandsstrendur. Ekki er langt síðan við urðum að una því að fjöldi manns hlyti vota gröf á hverju ári.

Áfram getur landið verið óblítt, satt er það. En samt er það gjöfult og gott. Saman eigum við ríkar auðlindir til sjávar, sveita og heiða. Þær þurfum við að nýta áfram á sjálfbæra og vistvæna vegu. Svo eru óröskuð víðerni auðlind á sinn hátt, bæði í augum okkar sjálfra og ferðamanna sem munu streyma hingað á ný þegar aðstæður leyfa. Tímabundin fjarvera þeirra gefur okkur jafnframt tækifæri til að ígrunda vel og undirbúa hvernig við viljum helst taka á móti erlendum gestum ár af ári, í góðri sátt við land og þjóð.

Eins ríkar eru auðlindir hugar og handar. Já, ég er handviss um að við fáum byr í seglin, og eins viss er ég um að það sem mun fleyta okkur áfram á þessari öld er hugvit og nýsköpun. Hvarvetna þurfum við hugarorkufrekan iðnað,

virkjun mannsandans! Við þurfum hugvit og nýsköpun í landbúnaði og útvegi, okkar gamalgrónu greinum, hugvit og nýsköpun í ferðaþjónustu og orkunýtingu, hugvit og nýsköpun á sviðum sem við þekkjum ekki endilega núna en ungmenni samtímans munu gera að sínum fyrr en varir – ungmenni sem hafa um stundarsakir búið við gerbreytt skólastarf, skertar tómsstundir og annan ama en staðið sig með sóma. Gangi ykkur áfram vel, glæsilegu fulltrúar framtíðarinnar.

Enn fremur verðum við að vinna að því að fólki líði vel. Í heimsfaraldrinum hefur reynt rækilega á þá frumskyldu hvers ríkis að verja líf og heilsu íbúanna. Þrátt fyrir áföll hefur það tekist vel hér á landi. Óvíða hefur fengist eins gott skjól fyrir vágestinum. Enn þurfum við auðvitað að sinna eigin sóttvörnum, fylgja leiðbeiningum og tilmælum eftir bestu samvisku og þar getur hvert og eitt okkar reynt að vera öðrum holl fyrirmynd.

Kæru landsmenn: Sóttin hefur minnt okkur á hversu dýrmætt þétt faðmlag getur verið, hversu leitt það er að mega ekki vera nærri sínum nánustu, jafnvel þótt sá aðskilnaður sé í almannapágu. Kannski hafa hömlur liðins árs einnig hjálpað okkur að greina betur hismi frá kjarna í eigin lífi, og ætla ég þó alls ekki að gerast einhver predikari í þeim efnum. En stundum er best að setja í hægagang til að komast leiðar sinnar, flýta sér hægt, njóta næðis. Hér virðist því við hæfi að rifja upp þá speki Valgeirs Guðjónssonar sem Diddú söng í kvikmynd Guðnýjar Halldórsdóttur um Stellu í orlofi: „Þetta nútímalíf krefst svo mikils af mönnunum / Í sveita síns andlits sjá þeir varla út úr önnunum.“

Og loks fær farsóttin okkur kannski til að skilja enn betur þau sannindi að góð heilsa er gulli betri. Við vildum og viljum kosta miklu til að hefta útbreiðslu geigvænlegs smitsjúkdóms. Það er að sjálfsögðu lofsvert en um leið ættum við að huga enn betur en áður að heilbrigði og heilsufari í víðum skilningi. Við ættum að huga að forvirkum aðgerðum sem stuðla að betri lýðheilsu og geðheilsu. Þannig bætum við ekki aðeins líðan okkar heldur minnkum til muna kostnað í opinberum rekstri. Bent hefur verið á að hér á Íslandi eins og annars staðar á Vesturlöndum rennur drjúgur meirihluti útgjalda heilbrigðiskerfisins til meðferðar við langvinnnum lífsstílstengdum sjúkdómum. Einungis broti af þeirri upphæð hefur verið veitt til forvarna. Beinn og óbeinn ágóði af átaki á þeim vettvangi yrði hins vegar ótvíræður.

Ekki skal ég segja hvort hér er komið eitt margra kosningamála á nýju ári en hitt þykist ég vita að öll eigum við rétt á aðstoð ef nauðsyn krefur, öll megum við eiga von um bót meina okkar. Í *Hugarfjallinu* yrkir Gyrðir Elíasson fallega um bata og batavon. Ég les ljóðið líka þannig að það snúist um bjartsýni byggða á raunsæi – og einmitt það finnst mér íslensk þjóð þurfa við þessi tímamót, ekki skýjaborgir en því síður drunga og deyfð. Það er bjart fram undan.

Um leið og ég árna ykkur öllum heilla fyrir hönd okkar Elizu læt ég kvæðið Bata vera lokaorð þessa ávarps á þessum fyrsta degi nýs árs:

Að koma
hægt
inn í birtuna

Einsog að
leggja frá
sér vasaljós
á döggevotu
túni um nótt
að haustlagi

Og stíga
hikandi
inn í geislann.